

SAMKOMULAG RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA UM OPINBER FJÁRMÁL



Erindi flutt í landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga
8. apríl 2016

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga





Stefnumörkun sambandsins

- Samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga verði bundnar í lög.
 - Samskiptin verði bæði öguð og formföst.
 - Stjórnarsýsla hins opinbera batni.
 - Efldur verði gagnkvæmur skilningur á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig.
 - Lögfestar verði reglur um efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga.
- ★ Komið inn í lög um opinber fjármál og í sveitarstjórnarlög.





Samkomulag

á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015

- Fjármála- og efnahagsráðherra og innanríkisráðherra annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar gera árlega með sér samkomulag.
- Undirbúningur á grundvelli tímasettrar aðgerðaáætlunar í feb. og mars:
 - Óformlegur samráðshópur embættismanna ráðuneyta og sambandsins.
 - Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál.
 - Kjaramálaráð ríkis og sveitarfélaga.
 - Jónsmessunefnd.
 - Samráðsfundur sveitarfélaga.
 - Stjórn sambandsins.





Forsendur og markmið

- Hið opinbera skal stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála.
- Mótuð skal heildstæð stefnumörkun í opinberum fjármálum til lengri og skemmri tíma – fjármálastefna og fjármálaáætlun.
- Vandað verði til lagasetningar um fjármál opinberra aðila.
- Eftirlit með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár, eigna og réttinda verði traust.





Þróun samstarfs og samkomulags

- Formlegt og reglubundið samstarf skal vera með sambandinu og sveitarfélögum um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.
- Samkomulag felur í sér niðurstöðu samráðs aðila og felur í sér sameiginlegan skilning á markmiðum ríkis og sveitarfélaga í opinberum fjármálum.
- Samstarf aðila og efni og framkvæmd samkomulags nú skal þróa á samningstímanum til undirbúnings fyrir gerð næsta samkomulags að ári.
- Stefnt er að því að samkomulag liggi fyrir í marsmánuði ár hvert.





Efnahagsforsendur og hagstjórnarleg markmið

- Núverandi efnahagsforsendur verður að skoða í ljósi margra ára samfellds hagvaxtartímabils á Íslandi og spár um vöxt fyrir komandi ár.
- Það er því spenna á vinnumarkaði með hættu á að ósjálfbærar launahækkanir á hluta tímabilsins ógni stöðugleika.
- Forðast þarf að fjárfestingaráform opinberra aðila auki spennu í efnahagskerfinu næstu ár sem skapar svigrúm fyrir fjárfestingar hins opinbera eftir því sem líður á gildistíma fjármálaáætlunar.
- Það mun síðar skapa svigrúm ríkis og sveitarfélaga til að mæta niðursveiflu og milda þannig áhrif hennar.





Afkomuhorfur og afkomumarkmið

- Aðilar eru sammála um eftirfarandi afkomumarkmið sem byggja á grunngildum um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi:
 - **Heildarafkoma hins opinbera (A-hluta) verði jákvæð árin 2017-2021.**
 - **Heildarafkoma A-hluta sveitarfélaga verði í jafnvægi og stuðli þannig að efnahagslegum stöðugleika.**
 - **Heildarafkoma B-hluta sveitarfélaga verði jákvæð, sbr. fyrirliggjandi áætlanir.**
- Rekstur sveitarfélaga verði sjálfbær - skuldir þeirra sem hlutfall af VLF hækki ekki og stefnt að því að þær fari lækkandi.
- Rekstur sveitarfélaga verði innan varúðarmarka.
- Tekjuáætlun varfærin, útgjaldaáætlun raunsæ og sveitarfélög gangist ekki undir skuldbindingar sem raski forsendum í rekstri og afkomu til lengri tíma.





Afkomuhorfur og afkomumarkmið, frh.

- Markmið samkomulagsins byggja á fyrirliggjandi langtímafjárhagsáætlunum sveitarfélaga.
- Gerður er fyrirvari um nákvæmni og gæði gagna.
- Sameiginlegur skilningur aðila að sú skuldbinding sveitarfélaga að virða **fjármálareglur sveitarstjórnarlaga muni við ríkjandi aðstæður tryggja ásættanlega afkomu sveitarfélaga** í samræmi við samkomulagið.
- Því er ekki þörf á sérstökum ráðstöfunum til að tryggja að markmið um afkomu sveitarfélaga náist.





Sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga

Aðilar sammála um að vinna saman að eftirtöldum viðfangsefnum:

- Skoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, uppruna tekna og dreifingu þeirra og mögulegri styrkingu þeirra reynist þess þörf, þ.m.t. með bættum skattskilum.
- Könnuð verði hugsanleg hlutdeild sveitarfélaga í *(ekki talið upp í samkomulagi en er undirliggjandi í samningaviðræðunum)* :
 - Tekjum af umferð,
 - skattlagningu fyrirtækja,
 - tekjum af tryggingagjaldi eða lækkun tryggingagjalds,
 - tekjum af ferðapjónustu,
 - arðgreiðslum til eigenda fyrirtækja
 - fjármagnstekjuskatti eða endurgreiðslum.
- Til viðbótar verði skoðað:
 - Endurgreiðsla VSK, fækkun undanþága frá fasteignamati og fasteignaskatti, innheimtubóknun til ríkisins vegna útsvarsinnheimtu, undanskot frá skatti og bætt bótanýting.





Sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga, frh.

- Unnið verði að greiningu útgjaldþróunar einstakra þjónustupátta hjá sveitarfélögum.
- Fjallað verði um þjónustu við aldrað fólk með sérstöku tilliti til reksturs hjúkrunarheimila þar sem fjallað verði um eftirgreinda þætti:
 - Hækkun framlaga til reksturs hjúkrunarheimila.
 - Aukna áherslu á heimaþjónustu.
 - Önnur verkefni, s.s. lífeyrisskuldbindingar, mat á vexti þjónustunnar o.fl.
- Farið verði yfir verkaskiptamál með sérstakri áherslu á að skýra svokölluð grá svæði milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar ábyrgð og fjármögnun, einkum innan velferðarþjónustunnar.





Sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga, frh.

- Greining fer fram hvort lög og stjórnvaldsfyrirmæli leggi íþyngjandi skyldur á sveitarfélög sem auki kostnað án þess að áhrif á gæði og árangur séu skýr.
- Sams konar áhrifamat fari fram vegna nýrra lagafrumvarpa og reglugerðardraga.
- Mótað verði skýrt vinnuferli og þróaður framsetningarmáti á niðurstöðum kostnaðarmats laga, stjórnvaldsfyrirmæla og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins, er hafa áhrif á tekjur og útgjöld sveitarfélaga í samræmi við sveitarstjórnarlög, og ferli til að ákvarða fjármögnun þeirra. – **Viðskiptareikningur!**






Gildissvið gagnvart sveitarfélögum

- Sameiginlegur skilningur að samkomulagið bindi ekki ákvarðanir einstakra sveitarfélaga.
- Það felur í sér að sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélögin muni sem heild haga fjármálum sínum þannig að þau virði ákvæði og forsendur þessa samkomulags. – **Þróunarverkefni.**
- Samkomulagið gildir til eins árs og verður endurnýjað í marsmánuði 2017.






Framlegð hjá hinu opinbera – A hlutar





Tekjujöfnuður hins opinbera – A hlutar

Tekjujöfnuður sem hlutfall af heildartekjum 2000 – 2016
-Fjárfestingar meðtaldar-





Fjármálareglur

- Gildandi fjármálareglur skv. sveitarstjórnarlögum - afkomujafnvægi í rekstri og skuldahlutfall.
- Fjármálaviðmið skv. nýju lögnum ná til A-hluta ríkisins og A-hluta sveitarsjóða:
 - Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og **árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu.**
 - Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, séu lægri en nemur **30% af vergri landsframleiðslu.**
 - Ef skuldahlutfall er hærra en 30% skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. 5% (1/20) á hverju ári.




Fjármálaáætlun - A hlutar ríkissjóðs og sveitarsjóða

- Markmið um afkomu til næstu fimm ára.
- Afkoma A hluta opinberra aðila 2014-2021 sem hlutfall af VLF.
- Rekstur og **fjárfesting** samtals. – **Ábyrgð á jákvæðri afkomu hjá ríkinu.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
A hluti sveitarfélaga	-0,9	-0,3	-0,2	-0,1	-0,1	0,2	0,2	0,3
A hluti ríkisins (Tilbúnaðar tölur)	0,8	0,6	0,2	0,6	1,0	1,2	1,1	1,0
A hlutar opinberra aðila MARKMIÐ	-0,1	0,3	0,0	0,5	0,9	1,4	1,3	1,3



Hrein peningaleg eign A-hluta sveitarsjóða



Ef sveitarfélögin eru með um 7,0% þá þarf ríkið að tryggja að skuldir þess séu ekki hærrí en 23,0% af VLF



Fjármálaáætlun - heildarafkoma opinberra aðila

- Markmið um afkomu hins opinbera í heild til næstu fimm ára.
- Heildarafkoma opinberra aðila (A+B+C) 2014-2021 sem hlutfall af VLF.
- Rekstur og fjárfesting samtals.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
A og B hlutar sveitarfélaga	0,2	-0,5	-0,3	0,1	0,3	0,6	0,7	0,7
A, B og C hlutar ríkisins (Tilbúnar tölur)	0,8	1,4	-0,5	0,1	0,4	1,0	1,3	1,2
Allir opinberir aðilar	1,0	0,9	-0,8	0,2	0,7	1,6	2,0	1,9



Samkomulag ríkis og sveitarfélaga - Samantekt

- Efnahagsforsendur og hagstjórnarleg markmið.
- Grunnildin eru sjálfbærni, varfærni, stöðugleiki, festa og gagnsæi.
- Fjármálareglur sveitarfélaga liggja til grundvallar.
- Byggt er á fyrirbyggjandi langtímafjárhagsáætlunum sveitarfélaga.
- Allar fjárhagstölur í fyrstu fjármálaáætluninni hvað sveitarfélögin varðar eru með fyrirvörum.
- Fyrsta samkomulagið er upphafið að langri leið – leiðinni til framfara og skynsamlegrar hagstjórnar, þar sem hagnunir sveitarfélaga verða í hávegum hafðir í hlutlægum árlegum viðræðum aðila.

